

AUGLÝSING

um staðfestingu verklagsreglna Bændasamtaka Íslands um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.

Með vísan til gr. 6.3. í samningi um um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 og 37. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með áorðnum breytingum, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga sem settar voru með heimild í gr. 4.5. í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007, til að taka gildi 1. janúar 2008, og eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. febrúar 2008.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.

Fylgiskjal.**Verklagsreglur****Bændasamtaka Íslands um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.**

1. gr.

Samkvæmt samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 verður árlega varið 35 milljónum króna til nýliðunar í stétt sauðfjárbænda, í formi styrkja til bústofnskaupa, bæði til frumbýlinga og við ætliðaskipti á bújörðum. Framlögin beinast að einstaklingum, þannig getur sami aðili aðeins notið framlags einu sinni, í eigin nafni eða til lögaðila sem hann á að meirihluta og rekur. Þó er heimilt að skipta framlaginu á allt að þrjú ár í röð ef bústofnskaup fara fram á þeim tíma. Hjón og sambýlisfólk teljast einn einstaklingur í skilningi þessara reglna.

2. gr.

Framlög eru veitt til nýliða í sauðfjárbúskap. Þeir einstaklingar sem eitt eða fleiri neðangreindra skilyrða gilda um teljast ekki til nýliða:

- a. Verið skráðir handhafa beingreiðslna frá og með árinu 2000 eða síðar.
- b. Verið eigendur að félagsbúum, einkahlutafélögum eða öðru fyrirtækjaformi sem rekið hefur sauðfjábú frá og með árinu 2000 eða síðar.
- c. Hafa átt fleiri en 50 fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum frá og með árinu 2000 eða síðar.

3. gr.

Framlög eru veitt til bústofnskaupa og miðast við kaup á sauðfé umfram 50 fjár. Umsókn um framlag skal skila inn til Bændasamtaka Íslands fyrir 1. mars ár hvert og skulu þau greidd út í aprílmánuði sama ár. Með umsókn skal framvísa gögnum sem sýna fram á að kaup á bústofni hafi sannanlega átt sér stað. Framlag getur numið allt að 2.000 kr. á kind. Heimilt er að hækka framlag á kind, ef fjárhæðin sem til ráðstöfunar er, gengur ekki út.

4. gr.

Fullnægi umsókn öllum skilyrðum skal fyrst úthluta fullum framlögum til kaupa á fyrstu 500 kindunum skv. hverri umsókn. Ekki er þó greitt framlag vegna fyrstu 50 kindanna í hverjum kaupum. Að því loknu skal úthluta sömu framlögum til kaupa á kindum umfram 500, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Gerður verður samningur um nýliðunarframlag. Þar skal koma fram að framlagið fyrnist á fimm árum. Láti handhafi að framlagi af búskap á samningstímanum skal semja um hlutfallsleg skil á eftirstöðvum.

6. gr.

Áður en framlag kemur til greiðslu skal umsækjandi sýna fram á að hann eigi eða leigi rekstur á lögbýli og eigi lögheimili þar. Jafnframt skal umsækjandi leggja fram gögn um að hann hafi ÍSAT númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein, virðisaukaskattsnúmer sem og gögn um að hann sé aðili að eða hafi sótt um aðild að gæðastýringu í sauðfjárrækt.

7. gr.

Komi í ljós að fjárveitingar dugi ekki til að veita full framlög til allra sem á þeim eiga rétt skv. reglum þessum skal fyrst skerða hlutfallslega framlög til kaupa á kindum umfram 500 sbr. grein 4. Nægi það ekki skal skerða önnur framlög á sama hátt. Ef ekki tekst að úthluta öllu því fjármagni sem er til ráðstöfunar, er heimilt að bæta upp skerðingar sbr. 1. mgr. allt að tvö ár aftur í tímann. Að öðru leyti fer ráðstöfun fjármuna eftir ákvæðum samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007.

8. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2008. Þó er heimilt að sækja um framlög á árinu 2008 vegna bústofnskaupa sem eiga sér stað frá 1. október - 31. desember 2007. Reglurnar skulu teknar til endurskoðunar eftir að fyrstu framlög hafa verið greidd út á árinu 2008 skv. 3. gr.